

Fundargerð 90. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál
Fundur haldinn á teams, 4. september 2023, kl. 13:00

Dagskrá:

1. Framkvæmd byggðáætlunar
2. Samningar um sóknaráætlanir landshluta
3. Framvinda sóknaráætlanasamninga og ráðstöfun fjármuna árið 2022
4. Fundir stýrihópsins með landshlutasamtökum sveitarfélaga haustið 2023
5. Önnur mál

Mættir: Hólmfríður Sveinsdóttir formaður (IRN), Anna Borgþórsdóttir Olsen (FJR), Baldur P. Guðmundsson (MVF), Bryndís Eiríksdóttir (MAR), Eva Margrét Kristinsdóttir (FRN), Hafþór Einarsson (MRN), Kristrún Friðriksdóttir (DMR), Magnús Örn Agnesar Sigurðsson (URN, mætti kl. 13:25 og fór kl. 14), Pétur Berg Matthíasson (FOR), Valgerður Rún Benediktsdóttir (Sambandinu, fór kl. 14), Þórarinn Sólmundarson (HVIN), Albertína F. Elíasdóttir (landshlutasamtökunum), Reinhard Reynisson (Byggðastofnun) og Sigríður K. Þórgrímsdóttir (Byggðastofnun), sem ritaði fundargerðina.

Fjarverandi: Andri Júlíusson (UTN) og Arnar Þór Sveinsson (HRN).

Formaður setti fund og hóf boðaða dagskrá. Bryndís Þorvaldsdóttir (HRN) hættir nú í stýrihópnum og Arnar Þór Sveinsson leysir hana af til að byrja með. Elísabet Linda Þórðardóttir (DMR) hættir sömuleiðis og Kristrún Friðriksdóttir tekur hennar stað. Albertína F. Elíasdóttir (SSNE) kemur í stað Berglindar Kristinsdóttur (SSS) sem fulltrúi landshlutasamtakanna. Formaður bauð nýtt fólk velkomið og þakkaði þeim sem hverfa úr hópnum fyrir samstarfið.

Umfjöllun og afgreiðsla:

1. **Framkvæmd byggðáætlunar.** Formaður fór yfir skipulag og framfylgd byggðáætlunar. Sérstaklega var rætt um hlutverk fulltrúa stýrihópsins, sem og tengiliða einstakra aðgerða byggðáætlunar við framkvæmdina. Formaður viðraði þá hugmynd að boða stýrihópin og tengiliðina á kynningarfund þar sem farið verði yfir þessi mál. Stýrihópurinn tók vel í þá hugmynd og mun formaður skoðar nánar upplegg slíks fundar. Fram kom að áætlað er að árleg skýrsla ráðherra um framvindu byggðáætlunar verði tilbúin fyrir áramót.
2. **Samningar um sóknaráætlanir landshluta.** Formaður fór yfir þennan lið. Núgildandi samningar renna út í árslok 2024 og ný drög þurfa að liggja fyrir haustið 2024 og þau þarf að vinna í samstarfi við landshlutasamtökin. Skoða þarf m.a. hvernig má efla og þróa sóknaráætlanir líkt og kveðið er á um í stjórnarsáttmálanum og byggðáætlun. Formaður mætir á fund landshlutasamtakanna nú á næstunni og ræðir málið. Ákveðið var að fulltrúar IRN, MVF, URN og landshlutasamtakanna ræði saman fyrir næst fund stýrihópsins um hvernig best megi standa að endurnýjun samninganna.
3. **Framvinda sóknaráætlanasamninga og ráðstöfun fjármuna árið 2022.** Verkefnisstjóri fór yfir helstu tölur í drögum að greinargerð sóknaráætlana landshluta fyrir árið 2022 sem nú liggja fyrir. Nokkrar umræður urðu um þennan lið.
4. **Fundir stýrihópsins með landshlutasamtökum sveitarfélaga haustið 2023.** Verkefnisstjóri sagði frá mögulegum dagsetningum fundar með Fjórðungssambandi Vestfirðinga á Ísafirði. Formaður ræddi fastan fundartíma stýrihópsins. Ákveðið að halda þá fyrsta mánudag í hverjum mánuði, kl. 14.30-16.00. Rætt var að hafa fundina almennt fjarfundi. Næsti fundur verður þó staðfundur. Einnig er stefna að því að halda samráðsfund stýrihóps og Byggðastofnunar.

- 5. Önnur mál.** Formaður skýrði frá því að heimasíða sóknaráætlana sé í vinnslu og verði birt innan skamms.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:10